

**Ed.**

**338. Breytingartillögur**

**[127. mál]**

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá fjármálaráðherra.

1. Á eftir 1. gr. frumvarpsins bætist við ný grein er verði 2. gr. þess og breytist röð greina til samræmis við það. Greinin orðist svo:  
Við 2. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðist svo:  
Hjá öðrum mönnum en þeim, sem skattlagðir eru eftir reglum þeim sem gilda um hjón, sbr. 63. gr., skal þessi frádráttur aldrei nema lægri fjárhæð en 550 000 kr.
2. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins, er verði 4. gr. þess, orðist svo:  
Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 505 000 kr.
3. 4. gr. frumvarpsins, er verði 5. gr. þess, orðist svo:  
Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 150 000 kr. með fyrsta barni, en 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó vera 280 000 kr. með hverju barni án tillits til barnafjölda. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 65 000 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Þúi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.